



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
b.t. skrifstofu skattamála
postur@fjr.is

Sent á Samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík, 5. júní 2020

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um tímabundna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna, mál nr. 105/2020

Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“) hafa tekið til umsagnar drög að reglugerð um tímabundna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna, mál nr. 105/2020.

I. Takmörkun á endurgreiðslu í ósamræmi við lög

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 37/2020 bætast fimm ný ákvæði til bráðabirgða við lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988 (hér eftir vskl.). Samkvæmt a-lið, þrátt fyrir 2. mgr. 45. gr. vskl., á tímabilinu frá 1. mars 2020 til og með 31. desember 2020 að endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna sem unnin er innan þess tímabils á byggingarstað. Á það einnig við um vinnu manna sem unnin er innan þess tímabils við endurbætur eða viðhald þess. Að öðru leyti gilda ákvæði 2. mgr. 42. gr. vskl. á umræddu tímabili. Í 5. gr. reglugerðardraganna er kveðið á um vinnuliði sem ekki teljast endurgreiðsluhæfir en teljast þó til vinnu á verkstað í samræmi við lög. **Í samræmi við texta laganna leggja samtökin áherslu á að öll vinna sem unnin er á verkstað falli undir endurgreiðsluna.**

Gerðar eru athugasemdir við takmörkun eftirfarandi verkþátta í reglugerðinni:

a. *Endurgreiðsla á einnig að taka til jarðvinnu*

Samkvæmt c-lið 5. gr. reglugerðardraganna þá er virðisaukaskattur ekki endurgreiddur af vinnu stjórnenda skráningarskyldra ökutækja, stjórnenda farandvinnuvéla og vinnuvéla, sem skráningarskyldar eru í vinnuvélafrá, á byggingarstað. Er með þessu ákvæði verið að undanskilja alla jarðvinnu frá úrræðinu. Samtök iðnaðarins sjá hvergi í lagatexta né öðrum lögskýringargögnum ástæður þess að jarðvinna sé undanskilin með þessum hætti. Í áður nefndum lögum segir að endurgreiða eigi byggjendum íbúðarhúsnæðis- og frístundahúsnæðis, mannúðar- og líknarfélögum o.fl. og sveitarfélögum o.fl. virðisaukaskatt af vinnu manna á byggingarstað við byggingu, endurbætur og viðhald húsnæðis. Ljóst er að jarðvinna er í mörgum tilvikum stór hluti þeirrar vinnu sem unnin er á verkstað. Með endurgreiðslunni er verið m.a. að hvetja til nýframkvæmda og því óskiljanlegt að taka jarðvinnu sérstaklega frá. Í ljósi þess að um tímabundið átak er að ræða munu margir einungis komast yfir hönnun og jarðvinnu. **Samtökin leggja því til að að c-liður sé felldur brott og endurgreiðslan látin ná til jarðvinnu.**



b. *Vinna sem unnin er með vélum sem settar eru upp á byggingarstað*

Samkvæmt e-lið 5. gr. reglugerðardraganna tekur endurgreiðslan ekki til vinnu sem unnin er með vélum sem settar eru upp á byggingarstað til aðvinnslu á vöru eða efni til byggingar, viðhalds eða endurbóta á íbúðar- og frístundahúsnæði eða mannvirki ef þessi vinna er að jafnaði unnin á verkstæði eða í verksmiðju. Ákvæðið er óljóst og mjög matskennt og ekki liggur fyrir hvernig umrætt mat ætti að fara fram. Talsverður kostnaður fylgir því að koma búnaði og mannskap fyrir á verkstað og ákvörðun um að færa aðvinnslu tiltekinna vara eða efna á verkstað byggir því á góðum og gildum rökum. **Samtökin leggja því til að að c-liður sé felldur brott.**

c. *Ástandsskoðun fasteigna*

Samkvæmt g-lið 5. gr. reglugerðardraganna tekur endurgreiðslan ekki til ástandsskoðunar fasteignar. Ljóst er að í sumum tilvikum getur ástandsskoðun fasteignar verði nauðsynlegur undanfari viðhaldsframkvæmda og getur slíkri skoðun fylgt nokkur kostnaður. Til að hvetja íbúðareigendur til að ráðast í viðhaldsframkvæmdir er ljóst að endurgreiðslu vsk. af ástandsskoðun getur verið mikilvægur þáttur í framkvæmdum, sér í lagi ef ástandsskoðun er sannanlega undanfari viðhaldsframkvæmda. **Samtökin leggja til að endurgreiðslan sé látin ná til ástandsskoðunar fasteigna.**

II. Skilgreiningar skv. 2. gr.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar þá skal endurgreiða 100% þess virðisaukaskatts sem *byggjendur* íbúðar- og frístundahúsnæðis hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað. Samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. reglugerðardraganna er byggjandi sá aðili sem stendur fyrir byggingarframkvæmdum á eigin kostnað, þ.e. hefur með höndum byggingarframkvæmdir á eigin lóð eða leigulóð, hvort sem hann hyggst selja fasteignina, leigja hana eða taka til eigin nota. Samkvæmt 3. másl. 1. mgr. 2. gr. teljast *byggingarframkvæmdir* vera leyfisskyldar framkvæmdir samkvæmt lögum nr. 160/2010, um mannvirki, á byggingarstað við byggingu, viðhald og endurbætur íbúðar- og frístundahúsnæðis og annarra mannvirkja sem falla undir ákvæði reglugerðar þessarar og frágang á byggingarstað. Með því að takmarka byggingarframkvæmdir við leyfisskyldar framkvæmdir þá falla utan við endurgreiðsluna tilkynningarskyldar framkvæmdir, t.d. bygging smáhýsa. Ekki liggur fyrir ástæða þess að þær framkvæmdir ættu að vera undanskildar ákvæðinu. Þess ber ennfremur að geta að hvergi kemur fram að í lögum að endurgreiðslan eigi að takmarkast að þessu leyti við leyfisskyldar framkvæmdir. **Telja SI að hér þurfi að gera breytingar á reglugerðinni á þann veg að endurgreiðsla til byggjenda íbúðar- og frístundahúsnæðis takmarkist ekki við leyfisskyldar framkvæmdir.**

Samkvæmt 9. másl. 1. mgr. 2. gr. reglugerðardraganna þá telst hönnun skv. reglugerðinni vera undirbúningur fyrir eða samhliða byggingu, endurbótum eða viðhaldi á íbúðar- og frístundahúsnæði og mannvirki. Í dæmaskyni er talið upp að hér falli undir kostnaður vegna hönnunar aðaluppdráttar, vinna arkitekta, verkfræðinga, tæknifræðinga og annarra sérfræðinga. **Samtökin vilja áréttar að hér undir eigi jafnframt að falla hönnun séruppdráttar sem og önnur hönnun vegna byggingar íbúðar- og frístundahúsnæðis.**

III. Verksmiðjuframleidd íbúðarhús og húseiningar

Óháð þeim reglugerðardrögum sem nú liggja fyrir verður áfram heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts af verksmiðjuframleiddum íbúðarhúsum og húseiningum, sbr. reglugerð nr. 440/1990 um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði, með síðari breytingum.



Samtökin fagna því en gera þó athugasemdir við reglugerðarheimild 2. mgr. 42. gr. þar sem ráðherra er eftirlátið að kveða á um hlutfall endurgreiðslu virðisaukaskatts. Er það gert í 10. gr. reglugerðar nr. 440/1990 þar sem kveðið er á um hlutfall endurgreiðslu virðisaukaskatts verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa eða húseininga. Ljóst er að með umræddri reglugerðarheimild er ráðherra falið að breyta skatti en skv. 40. gr., sbr. 77.gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 skal það ákveðið með lögum.

Í ljósi framangreinds telja samtökin rétt að sama endurgreiðsluhlutfall eigi við um verksmiðjuframleidd íbúðarhús og húseiningar í skilningi ákvæðisins og aðrar verkframkvæmdir skv. 2. mgr. 42. gr. vskl.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, reading 'Jóhanna Klara Stefánsdóttir'. The signature is fluid and cursive, with a long horizontal flourish extending to the left.

Jóhanna Klara Stefánsdóttir,
sviðsstjóri mannvirkjasviðs SI